Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Akureyri, 19. maí 2020

Efni: Umsögn heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri vegna máls nr. 86/2020: Tillaga að endurhæfingarstefnu

Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri (HA) fagnar því að unnin hafi verið drög að endurhæfingarstefnu á Íslandi. Áherslan á eflingu endurhæfingarhugsunar og þar með hugmyndafræði ICF á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins er sérlega mikilvæg. Með stofnun þverfaglegra endurhæfingarteyma í heilsugæslu gefst tækifæri til að þjónusta fólk í sínu nærumhverfi og hefja endurhæfingu fyrr en ella. Huga þarf sérstaklega að jöfnu aðgengi að þjónustu óháð búsetu, með því að efla fjarheilbrigðisþjónustu og skilgreina hlutverk sérstakra endurhæfingastofnana í því samhengi. Við tökum undir mikilvægi þess að sett sé fram skilgreining á endurhæfingu, en bendum jafnframt á þörf fyrir að skilgreina fleiri hugtök, svo sem þverfaglega teymisvinnu. Við gerð skýrslunnar var fjölþættra upplýsinga aflað með fundum og samtölum við ýmsa hagsmunaaðila. Hins vegar vekur það nokkra undrun að vinnuhópurinn skuli einungis samanstanda af tveimur fagaðilum en erfitt er að sjá að það endurspegli þær áherslur á þverfaglega nálgun sem skrifað er um í skýrslunni. Þarfir notenda heilbrigðisþjónustunnar eiga ávallt að vera í forgrunni og það mætti koma skýrar fram í skýrslunni. Þekkingarsetur um endurhæfingu er löngu tímabært, en þar þurfa fleiri að koma að en nefndir eru í skýrslunni. Fram kemur að koma þurfi á fót þverfaglegu diplómanámi í endurhæfingu og viljum við vekja athygli á því að vísir að slíku námi hefur verið í boði við HA í allmörg ár. Nánari umsögn um einstök atriði fylgir hér fyrir neðan.

<u>Alþjóðlega flokkunarkerfið ICF</u>

Athugið að ICF kallast í íslenskri þýðingu Alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu. ICF- kerfið í heild sinni var þýtt á vegum Heilbrigðisvísindasviðs HA samkvæmt samningi við Embætti landlæknis og gefið út árið 2014. Stutt útgáfa var gefin út í kveri, en heildarútgáfan er aðgengileg í rafrænu formi á skafl.is. Mikilvægt er að nota það orðfæri sem þar er sett fram til að forðast misskilning. Í skýrslunni virðist þessi útgáfa af þýðingu ICF ekki vera notuð, þar sem *virkni* er víða notað sem þýðing á “activities”, en þar ætti alltaf að nota hugtakið *athafnir* í samræmi við íslensku þýðinguna. Þýðingunni hefur verið fylgt eftir með ýmsum hætti, t.d. með því að þýða og staðfæra matstækið WHODAS 2.0.

Í skjalinu er talað um félagslega endurhæfingu og læknisfræðilega endurhæfingu sem tvö aðskilin svið. Þetta er ekki í takt við ICF líkanið sem byggir á samþættingu félagslegra og læknisfræðilegra sjónarhorna.

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Samkvæmt hugmyndafræði ICF er ekki við hæfi að nota orðalagið „einstaklingur með fötlun“ vegna þess að fötlun tilheyrir ekki einstaklingnum sem slíkum heldur er hún afleiðing af neikvæðu samspili heilsufars hans og aðstæðna. Fólk getur búið við fötlun, eða verið með einhvers konar skerðingu án þess að henni fylgi fötlun ef umhverfið kemur nægilega til móts við það. Samkvæmt ICF ætti því frekar að nota orðalag eins og „fólk með færniskerðingu“ eða „fatlað fólk“.

Flokkunarkerfi ICF er skráningarkerfi, en ekki mælitæki í sjálfu sér. WHODAS 2.0, sem réttilega er mælt með í skýrslunni, er hins vegar sérhannað mælitæki til að mæla færni samkvæmt hugmyndafræði ICF, þvert á sjúkdómsflokka. Það hefur nýlega verið þýtt og prófað á íslensku, af aðilum innan heilbrigðisvísindasviðs HA.

Til þess að hægt sé að nýta ICF að fullu þarf sem fyrst að innleiða skráningarkerfi ICF í sjúkraskráningarkerfi heilbrigðiskerfisins (Sögu).

Í skýrslunni kemur fram að hugmyndafræði ICF sé vel kynnt í námi í iðjuþjálfunarfræði. Í rauninni er þar ekki rétt með farið. Námskrá sem var innleidd árið 2017 byggir í raun á hugmyndafræði ICF og þar er tryggt að öll helstu hugtök hugmyndafræðinnar séu kennd, nemendur skilji hvað í þeim felst og geti í framhaldi notað ICF í starfi. Þannig eru a.m.k. 18 ECTS einingar tileinkaðar athöfnum og þátttöku og a.m.k. 16 einingar umhverfisvíddinni. Hér skal þess líka getið að innan iðjuþjálfunar hafa verið þróuð mælitæki til að meta athafnir, þátttöku og umhverfi fólks og hafa mörg þeirra nú þegar verið þýdd og staðfærð að íslenskum aðstæðum.

Fjarþjónusta

Efla þarf fjarþjónustu innan heilbrigðiskerfisins til að jafna möguleika til endurhæfingar allra landsmanna, óháð búsetu. Öflugra og öruggra fjarskipta er þörf fyrir bein samskipti endurhæfingarstofnana við þá sem þurfa endurhæfingar við og ekki síður fyrir samskipti við aðrar heilbrigðisstofnanir, t.d. heilsugæslustöðvar, í ráðgjafarskyni og til að efla eftirfylgd á heimavelli fólks eftir sérhæfða endurhæfingu. Jafnt aðgengi að endurhæfingu þarf að endurspeglast í yfir- og undirmarkmiðum stefnunnar.

Þekkingarsetur og rannsóknir

Tillaga að stofnun þekkingarseturs um endurhæfingu sem sameiginlegan vettvang hæfni, þekkingar og rannsókna er fagnaðarefni. Hins vegar þurfa þar að koma að fleiri aðilar en stungið er upp á í skýrslunni. Sem miðstöð rannsókna í endurhæfingu á Íslandi þurfa þeir háskólar sem koma að rannsóknum í endurhæfingu og menntun sérhæfðra endurhæfingarstétta, þ.e. HA og HÍ, að vera aðilar að slíku þekkingarsetri. Einnig ætti Kristnesspítali (endurhæfingardeildir Sjúkrahússins á Akureyri) og hugsanlega fleiri endurhæfingarstofnanir að eiga þar fulltrúa. Samvinna er lykilatriði til árangurs á okkar fámenna landi.

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Þverfaglegt nám í endurhæfingu

Við HA hefur verið boðið upp á þverfaglegt meistara- og diplómanám í heilbrigðisvísindum frá árinu 2003. Þar er m.a. í boði 10 ETCS-eininga námskeið um þverfaglega endurhæfingu. Einnig er samstarf við félagsráðgjafadeild HÍ varðandi diplómanám á meistarastigi í starfsendurhæfingu og hýsir HA 10 ECTS-eininga námskeið í starfsendurhæfingu í því samstarfi. Við HA er mikil reynsla og þekking á sveigjanlegu námsformi sem er óháð stað.

Í grunnnámi við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri eru kennd iðjuþjálfunarfræði og hjúkrunarfræði, þar hefur frá upphafi verið lögð áhersla á veita nemendum innsýn í hugmyndafræði endurhæfingar. Í grunnnámi á heilbrigðisvísindasviði fer fram kennsla um þverfaglega teymisvinnu í tveimur samkenndum námskeiðum fyrir nemendur í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði.

Annað

Iðjuþjálfi er löggilt starfsheiti, en í skýrslunni er ítrekað rætt um iðjuþjálfara í stað iðjuþjálfa. Þetta þarf að leiðrétta.

Í stefnudrögunum er gert ráð fyrir að læknar einir hafi það hlutverk að vísa sjúklingum í endurhæfingu. Með aukinni teymisvinnu í heilbrigðiskerfinu og ef fylgja á hugmyndafræðilegum áherslum ICF væri viðeigandi að fleiri sérhæfðar heilbrigðisstéttir gætu komið að tilvísunum í endurhæfingu, svo sem hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar eða sjúkraþjálfarar, allt eftir aðstæðum og innsýn í þarfir skjólstæðinga. Þannig mætti hugsanlega greiða fleiri skjólstæðingum leið til réttrar endurhæfingar á réttum tíma.

Heilbrigðisvísindasvið HA býður fram krafta sína til frekara samstarfs á sviði rannsókna og menntunar sem lýtur að endurhæfingu.

Með kveðju,

Eydís Sveinbjarnardóttir, dósent og forseti heilbrigðisvísindasviðs
Guðrún Pálmadóttir, dósent
Hulda Þórey Gísladóttir, verkefnastjóri
Margrét Hrönn Svavarsdóttir, dósent og formaður hjúkrunarfræðideildar
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, dósent
Sara Stefánsdóttir, lektor
Sigrún Kristín Jónasdóttir, lektor
Sólrún Óladóttir, lektor og formaður iðjuþjálfunarfræðideildar